

Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2023

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

Líf allt árið á Einarstöðum

Þótt kominn sé hávetur er enn margt affólki í orlofshúsabyggingdinni á Einarstöðum á Fljótsdalshéraði. Þar eru einnig talsverðar framkvæmdir. AFL hefur nýlokið við að endurnýja alla bústaði sína

AFL lauk við að endurnýja bústaði sína síðasta vor. „Nú er búið að taka öll hús AFLs í gegn að innan. Inni í þeim er allt nýtt og mjög flott,“ segir Fjóla Orradóttir, annar umsjónarmanna orlofshúsabyggingdarinnar.

Endað var á húsi númer 29 sem stendur niður við svæði sem kallast Túnið en þar er leiksvæði. Þar skammt frá eru framkvæmdir því verið er að endurnýja tvo bústaði annarra félaga. Eldri hús á þessum grunnnum voru hífd í burtu í vor. Nýju húsin eru svo í smíðum hjá MVA.

„Þarna er verið að reisa tvö ný hús á vegum annars vegar Rafiðnaðarsambandsins, hins vegar Félags vélstjóra og málmteknimanna. Þetta eru hús sem reist eru á steiptum grunni með steiptum pöllum með hita í. Þar verða að sjálfsögðu heitir pottar eins og í öllum öðrum húsum í byggingdinni. Þetta verða flott heilsárshús,“ segir Fjóla.



Bústaður númer 16, eitt af húsum AFLs, í byrjun adventu 2023.

Þá standa öll félögin sem eiga hús í byggingdinni að því að byggja skemmu við hlið þjónustuhússins. „Við vonumst til að hún verði tilbúin næsta vor. Þetta er 250 fermetra bygging til að hýsa tækin sem við notum við snjósmokstur á veturna og

grasslátt á sumrin. Við verðum þarna líka með þvottahús fyrir það sem við þvolum og aðstöðu til að dytta að tækjum.“

Mikið sótt í húsin um hátíðarnar

Þótt komið sé fram á veturinn er enn nokkurt líf í byggingdinni á Einarstöðum. „Það er búið að vera mikið bókað í haust en er að detta niður núna. Það er ekki lengur fullbókað allar helgar. Samt er nóg að gera hjá okkur umsjónarmönnum. Við þurfum að moka snjó til að halda opnu að húsunum. Við erum líka að dytta að húsunum, yfirfara slökkvitæki og slíkt.“

Um mánaðamótin maí/júní byrjar sumarleigan, sem sagt viku fyrir viku, en utan þess tíma er talsvert að gera á Einarstöðum. „Það er líf hér allt árið þótt lífið færast yfir af alvöru þegar fer að vora. Um jól, áramót og páska er yfirleitt fullt hér. Það eru þó enn einhver hús laus fyrir þessi jól.“ Þetta þýðir að umsjónarfólkið þarf alltaf að vera tilbúið en það er á bakvakt ef eitthvað kemur upp á. „Í fyrra vorum við að til hádegis á aðfangadag. Það var yfir 20 stiga frost og það fraus frárennislögn í einum bústaðnum. Síðan vorum við komin aftur snemma á jóladag því það hafði moksnið og fólk sat fast.“

Starfsmannaferð til Sevilla

Starfsmannafélag AFLs nýtti tækifærið fyrir viku síðan og fór í starfsmannaferð þegar flogið var beint frá Egilsstöðum til Sevilla á Spáni. Þetta er fjórða slíka ferðin sem farin er síðan AFL varð til árið 2007. Árið 2010 var farið til Krakár, árið 2013 til Dyflinnar og 2017 til Amsterdam.

Safnað er í ferðirnar með því að leggja mánaðarlega inn í ferðasjóð. Ferðin tókst í alla staði vel og var nýtt til að efla starfsanda meðfram því sem Sevilla býður uppá. Þessa fyrstu helgi adventu var hún að taka á sig „jólavipinn.“ Þannig fylgdust þúsundir manna með því þegar kveikt var á jólaskreytingum í miðborginni í um 20 stiga hita.



Starfsfólk og makar borðuðu saman á Hótel Alfonso í miðborg Sevilla en gisti rétt utan miðborgarinnar.



Síðasti bústaðurinn sem AFL endurnýjaði er niðri við Túnið. Þar eru RSÍ og VM að láta gera tvo nýja bústaði.

Hvernig hefur vinnutíminn styst á Íslandi?

Samspil vinnu og einkalífs hefur löngum verið þrætufni launafólks og launagreiðenda og ef lítið er nógu langt til baka – snerist lífið að mestu um það að vinna en hvíldartími og samvistir við fjölskyldu var eitthvað sem alþýðufólk þekkti lítið til nema þá helst á tímum atvinnuleysis.

1887 gerðu prentarar í Reykjavík kjarasamning. Þá var umsamin vinnuvika 60 klukkustundir. Í kjarasamningi Dagsbrúnar í Reykjavík 1909 var vinnudagurinn frá 06 – 18 alla virka daga – en greitt var fyrir 10 klst. því neysluhlé voru ekki greidd á þeim tíma.

1913 fóru verkamenn í Reykjavík í verkfall til að brjóta á bak aftur kröfu danskra verktaka við hafnargerð sem ætluðu að hafa virkan vinnudag 12 klst. á hverjum degi eða 72 klst. á viku.

1919 kom skeytingarleysi yfirstéttarinnar á kjörum alþýðufólks skýrt fram þegar Jörundur Brynjólfsson, þingmaður Alþýðuflokksins, flutti frumvarp um 8 klst. hvíldartíma á togurum. Frumvarpið var fellt með yfirgnæfandi meirihluta í neðri deild Alþingis.

1921 fékkst hvíldartími á togurum samþykktur á Alþingi er Jón Baldvinsson, forseti ASÍ og þingmaður, flutti aftur frumvarpið en hafði þá stýtt hvíldartíma á sólarhring niður í 6 klst.

1935 náði Félag Iðnverkfólks á Akureyri – Iðja – samningum um 48 stunda vinnuviku – eða 8 klukkustunda vinnudag og 6 daga vinnuviku.

1942 varð 48 stunda vinnuvika fyrst að almennri reglu, þrátt fyrir

árangur Iðju á Akureyri. Almenn var unnið í 8 klst. á dag 6 daga vikunnar.

1965 náði Alþýðusambandið samningum um 44 stunda vinnuviku. Almenn var þá unnið til hádegis á laugardögum.

1971 voru lög um 40 stunda vinnuviku samþykkt og það varð síðan til þess að laugardagsvinnan lagðist af. Þannig hefur dagvinnutími verið óbreyttur í rök 50 ár.

2000 samdi Landssamband íslenskra verslunarmanna um hálf tíma styttingu vinnuvikunnar.

2015 náði AFL Starfsgreinafélag þeim árangri í samningum við ALCOA Fjarðaál að vinnutími vaktavinnufólks var stytur. Hann hefur síðan verið stytur enn frekar síðan og er núna 150 tímar á mánuði eða 34,7 tímar að meðaltali á viku. Vinnutími dagvinnufólks hjá ALCOA er í dag 36,3 stundir á viku.

2019 náði Landssamband íslenskra verslunarmanna samningum um frekari styttingu vinnuvikunnar um 9 mínútur á dag eða 45 mínútur á viku. Miðað var við að unnt væri að stytta hvern dag sem þessu næmi, eða vikuna um 45 mínútur og jafnvel safna upp í heila daga. Á sama tíma samdi Samiðn um 13 mínútur á dag í vinnutímastyttingu.

2020 samdi Starfsgreinasambandið við Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið um vinnutímastyttingu sem nemur 13 mínútur á dag.

2023 er dagvinnutími almenns verkafólks óbreyttur frá 1971 – á meðan ýmsar aðrar stéttir hafa náð samningum um styttingu vinnuvikunnar.

Hvernig þróast vinnuvikan á Austurlandi?

Íslendingar hafa löngum verið þekktir fyrir að vinna langa vinnuviku. Samkvæmt alþjóðlegum tölum er hún þó komin niður í 36,6 stundir að meðaltali, sem er í lengra lagi miðað við helstu samanburðarlönd. Þegar rýnt er nánar í gögn frá Hagstofu Íslands sést að vinnuvikan er lengri hjá körlum en konum og sömuleiðis lengri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnutími er meðal þess sem spurt er um í árlegri launakönnun AFLs. Enn er verið að vinna úr niðurstöðum nýjustu könnunarinnar frá í haust en þetta voru vinnustundirnar samkvæmt könnuninni sem gerð var haustið 2022. Eins og sjá má er vinnuvikan heldur að stytast þótt ekki sé enn um neina byltingu að ræða.

Um styttingu vinnuvikunnar má nánar lesa í nýútkomnu Tímariti AFLs.

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
48	2018
47	2020
46	2022

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
Karlar 47	2018
Konur 44	2020

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
18-24 ára	48
25-34 ára	48
35-44 ára	45
45-54 ára	44
55+ ára	47

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
Vopnafjörður	54
Egilsstaðir	43
Borgarfjörður og Hérað	47
Reyðarfjörður	43
Neskaupstaður	49
Eskifjörður	43
Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður	45
Breiðdalsvík og Djúpvogur	47
Höfn	47

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
Umönnunarstarf	40
Skólaliði, stuðningsfulltrúi, þjálfari	41
Tækjastjóri, lagerstarfsmaður	50
Iðnaðarstarf	42
Verkastarf, þrif, ræsting, mótuneyti	50
Sala, þjónusta og veitingar	45
Sérfræðingur, skrifstofumaður, verkstjóri	42
Sjómaður	68

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	50
Framleiðsla	47
Byggingariðnaður	46
Sölustarf, viðgerðir	45
Gisting og veitingar	46
Opinber stjórnýsla	42
Annað	48

Vinnustundir á viku hjá félögum í AFLi	
-550 þús. á mánuði	42
550-799 þús. á mánuði	45
+800 þús. á mánuði	49

AFL lánar Rauða krossinum hús undir Grindvíkinga

AFL Starfsgreinafélag hefur eins og fleiri verkalyðsfélög tekið þátt í að aðstoða Grindvíkinga sem vantar húsnæði eftir að heimabær þeirra var rýmdur vegna jarðhræringa þann 10. nóvember. Eitt orlofshús í Ölfusborgum hefur verið í umsjá Rauða krossins síðan um miðjan nóvember. Fyrir liggur að ákveða um útlán annarra húsa eftir áramótin en allar

orlofseignir AFLs á Suðurlandi og í Reykjavík eru fullbókaðar fram í janúar.

Aðstæður félagsmanna AFLs eru ólíkar félagsmönnum margra annarra stéttarféлага hvað varðar notkun orlofseigna félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfð heilbrigðisþjónusta er að miklu leyti aðeins í Reykjavík og félagsmenn

AFLs geta ekki „skotist“ til læknis eða í lyfjameðferð og svo heim aftur. Í skammdeginu í nóvember er félagsfólk almennu ekki að skreppa í skemmtiferðir til höfuðstadarins heldur sinna mikilvægum erindum. Á hverjum tíma eru venjulega 2-4 verðandi mæður í „áhættu meðgöngu“ í íbúðum AFLs í Reykjavík. Einnig eru oftast einhverjir krabbameinssjúklingar

sem eru í geislameðferð eða aðrir með króniska eða langvarandi sjúkdóma sem sækja meðferð á Landsspítalann.

Því er ekki auðvelt að rýma orlofseignir AFLs vegna ástandsins því það myndi setja félagsfólk í veruleg vandræði.

Saga orlofsréttar á Íslandi

1910 prentarar semja um þriggja daga orlof án launa

1914 prentarar semja um þriggja daga launað orlof

1920 prentarar semja um 6 daga launað orlof

1930 járnsmiðir semja um viku orlof á launum

1935 iðnverkafólk semur um 12 daga orlof og prentarar ná samskonar samningi.

1942 lög um orlofsrétt. Lágmarksorlof er sett 1,0 dagur fyrir hvern unninn mánuð eða 12 dagar á ári.

1945 konur í starfi hjá ríki og sveitarfélögum fá fæðingarorlof með lögum.

1955 orlof er lengt eftir mjög hörð verkfallsátök sem stóðu í sex vikur. Þá varð meðal annars Guðmundur J. Guðmundsson, Gvendur Jaki, landsþekktur sem baráttumaður verkafólks. Þetta er meðal hörðustu verkfallsátaka landsins. Um lengd orlofs var að tekist á í kjarasamningum frá því að orlofslög voru fyrst sett 1942 og fram að næsta áfanga 1971.

1957 orlofsréttur lengdur í 1,5 dag fyrir hvern unninn mánuð eða 18 daga á ári

1957-58 ríkisstjórnin veitir fé í orlofsheimilásjóð verkalyðshreyfingarinnar

1964 lög um lágmarksorlof sem svarar 1,75 dögum fyrir hvern unninn mánuð eða 21 degi á ári.

1971 lög um 24 daga lágmarksorlof.

1975 fæðingarorlof kvenna bundið í lög.

1996 foreldraorlof tekið upp að hluta.

2000 lög um foreldraorlof.

2019, 2020 opinberir starfsmenn fá 30 daga lágmarksorlof. Ástæðan er meðal annars sú að í kjarasamningum opinberra starfsmanna var ávinnsla orlofsréttar aldurstengd – á meðan í almennum kjarasamningum er ávinnslan starfsaldurstengd. Samkvæmt viðmiðum á evrópska efnahagssvæðinu er aldurstengd mismunum óheimil og því var orlofsréttur opinberra starfsmanna jafnaður upp á við.



Orlofsbús AFLs við Klifabotn í Lóni.

Tímamótalög um orlofsrétt frá árinu 1942

Árið 1942 öðlaðist allt íslenskt launafólk rétt til orlofs, samkvæmt lögum. Áður en til lagasetningarinnar kom, hafði þó verið gert samkomulag við atvinnurekendur um að koma á rétti til orlofs. Lögin gerðu því ekki annað en að staðfesta það sem verkalyðshreyfingin hafði náð fram í samningum gagnvart atvinnurekendum. Málið hafði um nokkurt skeið legið fyrir þingi, en fékkst ekki afgreitt fyrr en orlofsrétturinn var orðinn að veruleika.

Aðdragandi þessa máls var nokkur. Árið 1939 höfðu verið sett lög á Alþingi sem takmörkuðu verðlagsbætur á grunnlaun, þó verðhækkunarir væru miklar. Síðan skall stríðið á og eftir að landið var hernumið þurfti setuliðið á miklu vinnuafli að halda, þannig að skortur varð á verkafólki. Við þessar aðstæður var mjög erfitt fyrir íslenska atvinnurekendur að keppa um vinnuafli, ekki síst vegna þess að þeim var óheimilt að bjóða hærri laun.

Lögin um takmörkun á verðlagsuppbótum voru numin úr gildi um áramótin 1941/42, en þá höfðu ýmis verkalyðsfélög boðað til verkfalla. Ríkisstjórnin setti bráðabirgðalög, þar sem settur var gerðardómur í kaupgjaldsmálum og verðlagsmálum, en grunnkaupshækkunarir bannaðar. Jafnframt voru verkföll og verkbönn óheimil. Verkalyðsfélögin aflýstu verkföllum en fólk mætti samt sem áður ekki til vinnu. Þessar aðgerðir verkafólks gengu undir nafninu Skæruhernaðurinn og stóðu hæst sumarið 1942. Aðgerðirnar höfðu mikil áhrif á framgang verkefna sem mörg töfðust eða stöðvuðust. Ýmsir atvinnurekendur ákváðu því að hækka laun til að fá fólk til vinnu, jafnvel þó í því fælust lögbrot. Lögin voru þar með ekki annað en orðin tóm og voru skömmu síðar numin úr gildi.

Eftir þennan mikilvæga sigur launafólks voru gerðir almennir kjarasamningar, þar sem náðust margir mikilvægir áfangar í kjarabaráttu launafólks. Samningurinn fól meðal annars í sér ákvæði um átta stunda vinnudag, réttinn til orlofs, hækkun yfirvinnutaxta, auk næstum 40% launahækkunar.

Orlofsrétturinn skiptist annars vegar í rétt til leyfis frá störfum og hins vegar í rétt til launa á þeim tíma. Með samningunum 1942 fékkst 12

daga sumarleyfi og atvinnurekendur samþykktu að greiða 4% í orlofslaun. Þetta hlutfall hækkaði í 5% árið 1952 og hefur hækkað nokkrum sinnum síðan.

Samkvæmt núgildandi lögum skal orlof vera að lágmarki 24 virkir dagar, tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð og orlofslaun skulu vera að lágmarki 10,17% af öllu kaupi, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða yfirvinnu. Þetta hlutfall hækkar síðan með auknum starfsaldri og orlofsdögum fjölga.



AFL stendur fyrir árlegri sumarmyndakeppni meðal félaga. Hér er sigurmyndin frá 2014.

Ingibjörg Sigurðardóttir

minningarorð

Ingibjörg Sigurðardóttir, aðalbókari AFLs í fjölda ára, var jarðsungen frá Norðfjarðarkirkju 28. nóvember sl.

Ingibjörg var fædd 24.02.1948 í Neskaupstað. Dóttir þeirra Berthu Serinu Margrétar Stefánsdóttur, húsfreyju í Neskaupstað og Sigurðar Lúðvíkssonar skipstjóra og útgerðarmanns. Systkini Ingibjargar voru þau Anna Karen (14.02.1936), Lúðvík Sigurður (23.02.1940) og Bertha Sigríður (10.05.1953).

Ingibjörg ólst upp og lifði síðan bróðurpart ævinnar í „Lúðvíkshúsi“ sem afi hennar hafði byggt fyrir fjölskyldu sína. Hún lauk landsprófi í Neskaupstað en fór síðan sem „au-pair“ til Brighton í Englandi og lagði þar stund á enskunnám. Eftir dvölinna í Englandi fór Ingibjörg á Samvinnuskólann á Bifröst og lauk námi þaðan.

Eftir námið hóf hún störf á skrifstofu Loftleiða í Reykjavík. Árið 1971 flutti Ingibjörg aftur í Neskaupstað og þá í foreldrahús og hóf störf hjá Kaupfélaginu Fram á Norðfirði og starfaði þar lengst af sem skrifstofustjóri þess. Starfsemi kaupfélagsins lagðist af 1995 og fór Ingibjörg þá til starfa í versluninni Rafaldan en hóf síðan störf hjá

Verkalýðsfélagi Norðfjarðar 1996.

Þegar Ingibjörg var ráðin til starfa hjá verkalýðsfélaginu var nokkur kurr innan félagsins enda var Ingibjörg af „útgerðarætt“. Hún reyndist félaginu þó ákaflega trúr og góður starfsmaður og tók að sér bókhald félagsins. Við sameiningar verkalýðsfélaganna – fyrst árið 2001 í AFL Starfsgreinafélag Austurland og síðar 2007 í AFL Starfsgreinafélag, er Vökull á Hornafirði og Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar sameinuðust fyrsta AFLi – reyndist Ingibjörg traustur starfsmaður með góða yfirsýn yfir bókhald félaganna.

Ingibjörg var við störf nánast fram á dánardag þrátt fyrir að vera farin að nálgast 76 ára aldur. Hún hafði minnkað aðeins við sig vinnuskyldu síðustu árin og annar aðalbókari tekið forystu í bókhaldi AFLs en Ingibjörg hafði sín föstu skylduverk og sinni þeim af alúð auk þess að reka erindi Norðfirðinga sem leituðu til hennar með sín mál.

Árið 2016 tók AFL upp nýtt bókhaldskerfi, mun fullkomnara og flóknara en það sem fyrir var. Ingibjörg var á þeim tíma komin á hefðbundinn starfslokaaldur – og af því tilefni var henni boðið að láta af störfum í stað þess að fara að læra

á nýtt tölvakerfi. Hún mátti ekki heyrna á það minnst og var mjög fús til að sækja námskeið til Reykjavíkur – jafnvel þó það þýddi að hún færi út fyrir fjallahringinn. Hún var síðan mjög fljót að setja sig inn í nýja kerfið og var farin að vinna í því eftir nokkurra klukkustunda kynningu.

Síðastliðið sumar uppfærði AFL síðan þetta bókhaldskerfi upp í „stóra bróður“ þess. Við þá uppfærslu breyttist viðmót og útlit og ýmis virkni eldri útgáfunnar breyttist. Ingibjörg flutti sig á milli kerfa án fyrirhafnar og án þess að missa takt. Þannig að þrátt fyrir aldur var Ingibjörg fljót að aðlaga sig að nýrri tækni og lærði án fyrirhafnar nýja ferla og vinnuáferðir.

Það má segja að vinnan hafi skipað stóran sess í lífi Ingibjargar og hún kveið þess mjög að láta af störfum. Fyrir nokkrum mánuðum átti Ingibjörg fund með yfirmanni sínum og var þá sagt að það væri enginn að fara að reka hana af vinnustað – en kannski væri rétt að minnka vinnuskylduna aðeins en henni væri frjálst að starfa áfram. Henni var mjög létt við þau tíðindi og sagðist þá eiginlega ekki geta hugsað sér að hætta að vinna.



Ingibjörg var mjög umburðarlynd manneskja og án fordóma. Við samstarfsfólk hennar heyrðum hana aldrei tala illa um neina manneskju og hún tók öllum þeim sem til hennar leituðu með hlýhug og ýtti á eftir því að úr málum þeirra væri greitt.

Hún var mjög nákvæm í vinnu og skeikaði bókhaldi félagsins aldrei um krónu. Hún annaðist líka eftir rekstur á iðgjaldaskilum og voru því skuldseigir launagreiðendur oft í miklu sambandi við hana. Hún var samningslipur um vanskil svo lengi sem menn stóðu við loford en svo föst fyrir ef vanskil fóru vaxandi. Þannig var hún vakin og sofin yfir hagsmunum félagsins og félagsmanna þess.

Stjórn AFLs og starfsfólk þakkar Ingibjörgu langa og farsæla samfylgd og kveður hana með þakklæti fyrir góða viðkyrningu.

Menntasjóðir herða reglur

Vegna verulegrar aukningar í tilraunum til að svíkja fé út úr menntasjóðum verkalýðsfélaganna hafa reglur sjóðanna verið hertar og þá sérstaklega varðandi nám erlendis.

Framvegis verður einungis nám við viðurkennda erlenda háskóla stutt og aðeins gegn framvísun millifærslukvittunar fyrir skólagjöldum af íslenskum bankareikningi. Skjöl á erlendum tungumálum sem framvísað er vegna umsóknar þurfa að vera þýdd af löggiltum skjalapýðanda en mega vera á ensku.

Ástæður þessara hertu regla eru að útsjónarsamir aðilar hafa á síðustu mánuðum gert tilraunir til að svíkja út fé með fölsuðum

umsóknnum. Jafnvel eru dæmi um að settar hafi verið upp vefsíður erlendis til að líkja eftir „skólum“ sem taka nemendur í fjarnám. Er síðurnar hafa síðan verið skoðaðar hefur komið í ljós að þar voru bara forsiður og ekkert að baki tengla á þeim.

Einnig hafa greiðslukvittanir verið falsaðar og jafnvel millifærsluskjöl erlendra banka.

Starfsmenn verkalýðsfélaganna hafa náð að stöðva stærstan hluta af þessum svikatilraunum og hafa starfsmenn AFLs verið ötulir að hafa samband við erlendar menntastofnanir og bankastofnanir og kalla eftir staðfestingum á námi og greiðslu. Í einhverjum tilfellum hafa bankar neitað að kannast við skjöl sem eiga að koma frá þeim.

Einnig hafa starfsmenn AFLs

farið á heimasíður erlendra námskeiðshaldara og kannað verðskrár og hefur þá komið í ljós að uppgefnar greiðslur passa ekki við verðskrá viðkomandi skóla. Því hefur nokkrum fjölda umsókna í menntasjóði AFLs verið hafnað á liðnum mánuðum.

Sjúkrasjóður AFLs mun einnig endurskoða ákvæði í reglugerð sinni fyrir næsta aðalfund og væntanlega setja einhver skilyrði fyrir styrkveitingum vegna aðstoðar sem sótt er erlendis enda sjóðnum illmögulegt að staðfesta að einhver þjónusta hafi verið veitt. Sjúkrasjóður hefur hingað til tekið erlend læknisvottorð gild og þá aðallega til að staðfesta framhald veikinda

Starfsmenn AFLs hafa á liðnum árum haft samband við erlendar

heilsugæslur og læknastofur og þá oft einungis til að staðfesta að viðkomandi stofnanir eru yfirleitt til enda hafa starfsmenn félagsins ekki umboð til að hafa samband við lækna um málefni sjúklinga þeirra. Í einhverjum tilvikum hefur ekki reynst unnt að staðfesta tilvist læknastofu eða heilsugæslu sem gefin er upp á læknisvottorði.

Félagsmönnum AFLs er glíma við langvinnan sjúkdóm og hyggjast dvelja erlendis á meðan veikindum stendur er ráðlagt að leggja fram íslenskt læknisvottorð og hafa samband við Sjúkrasjóð áður en viðkomandi fer erlendis. Það getur fyrirbyggt tortryggni og eftirfylgni á síðari stigum.